

# Stjórn Samfélagssjóðs Fljótsdals

**Fundur nr. 19. Mánudagur 25.11.2024**

**Fundarstaður:** Fjarfundur í Teams, kl. 12:30

Mætt eru: Signý Ormarsdóttir formaður, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Þórhallur Jóhannsson, Arna Björg Bjarnadóttir og Páll Baldursson verkefnastjóri Austurbrú.

## Dagskrá

1. Staða sjóðsins og útistandandi verkefni
2. Drög að nýjum úthlutunarreglum
3. Aðalfundur desember 2024
4. Skipan stjórnar
5. Áherslur og næstu skref og starfsemi 2025
6. Önnur mál

Formaður stjórnar bauð stjórnarmenn velkomna og setti fund.

### 1. Staða sjóðsins og útistandandi verkefni

Lagt var fram yfirlit yfir stöðu sjóðsins og útistandandi styrki sem ekki hafa skilað lokaskýrslu. Samþykkt að fela verkefnastjóra að ýta á eftir lokaskýrslum og/eða fá upplýsingar frá styrkþegum um stöðu verkefna.

### 2. Drög að nýjum úthlutunarreglum

Stjórn er heimilt að endurskoða úthlutunarreglur fyrir árslok ár hvert. Farið var yfir drög að nýjum úthlutunarreglum og samþykkt að vinna í þeim frekar og leggja fyrir aftur á næsta stjórnarfund.

### 3. Aðalfundur desember 2024

Samþykkt að halda aðalfund sjóðsins kl. 17:00 þann 9. desember nk. í Végarði. Verkefnastjóra falið að auglýsa fundinn inn á facebooksíðu Fljótsdals og á heimsíðu sveitarfélagsins. Stjórnarfundur verður einnig sama dag fyrir aðalfund.

### 4. Skipan stjórnar

Rætt um skipan stjórnar og samþykkt að leggja fram tillögu um skipan stjórnar á næsta stjórnarfund sem haldinn verður á undan aðalfundi.

### 5. Áherslur og næstu skref og starfsemi 2025

Rætt um áherslur og starfsemi sjóðsins fyrir komandi ár og m.a. út frá þeim breytingum sem samþykktar voru á skipulagsskrá sjóðsins í sumar. Rætt um hvort skynsamlegt geti verið að sjóðurinn fari í dvala og úthluti ekki á komandi ári.

### 6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 14:00

Fundargerð ritaði Páll Baldursson